

Alþingi - Atvinnuveganefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2020  
UST202010-252/A.B.G.  
04.03

### **Efni: Þingsályktunartillaga um aðgerðaáætlun um nýtingu þörungum - 49. mál**

Við er til erindis atvinnuveganefndar Alþingis dags. 26. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun um nýtingu þörungum – 49. mál.

Lagt er til í tillögunni að umhverfis- og auðlindaráðherra í samráði við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði falið að skipa starfshóp sem hefur það að markmiði að kanna möguleika á aukinni nýtingu og verðmætasköpun þörungum og verði sett fram tvíþætt aðgerðaáætlun til að styrkja lagaumgjörð og reglur annars vegar um ráðstöfun og nýtingu þörungum sem vaxa í sjó og hins vegar um þörungaráætlun á landi og í sjó. Starfshópurinn setji fram aðgerðaáætlun með skilgreindum verkefnum og aðgerðum. Umhverfisstofnun vill á þessu stigi benda á nokkur atriði er varða hlutverk stofnunarinnar þegar kemur að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Við innleiðingu laga um stjórn vatnamála hafa verið skilgreindir sérstakir gæðaðættir sem notaðir eru sem mælikvarði á ástand vatnshlota, hvort sem um er að ræða í strandsjó, stöðuvötnum eða straumvötnum. Gæðaðættir fyrir yfirborðsvatn eru þættir sem eru næmir fyrir álagi og skal vöktun beinast að þeim gæðaðættum. Í strandsjó hefur verið ákveðið að nota tegundasmætningu og þekju botnþörungum sem gæðaðætt sem fylgst verður með til að meta álag í strandsjávarhlutum. Skilgreind hafa verið strandsjávarhlöt þar sem stunduð verður vöktun á viðmiðunarástandi þessara þörungum og er unnið að því að skilgreina nánar vöktunarstaði innan þeirra m.a. í fjörum. Um er að ræða svæði sem eru ósnortin sem nýtt verða til að finna viðmiðunarástæður og því verða svæðin vöktuð til framtíðar með það að markmiði. Að sama skapi er unnið að því að meta hvort kísilþörungum henti sem gæðaðættur í íslenskum straumvötnum.

Þessi vinna sem hér er vísað til er unnin í samstarfi við Hafrannsóknastofnun en Umhverfisstofnun semur við fagstofnanir um ákveðin verkefni við innleiðinguna.

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að áætluð nýting á þörungum fari ekki fram á þeim svæðum sem viðkvæm eru fyrir röskun eða þar sem áætlað er að vakta þörungum til viðmiðunarástands og því þarf að fara fram ákveðin samræming við gerð slíkar aðgerðaáætlunar sem hér áætlað að eigi sér stað.

Umhverfisstofnun bendir að lokum á að almennt séð þá eru þörungum sérstaklega hægvaxta og í mörgum tilfellum viðkvæmar lífverur og ber að hafa það í huga þegar rætt er um nýtingu þörungum þar sem þeir vaxa í sínu náttúrulega umhverfi.

Virðingarfyllst



Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
verkefnisstjóri vatnamála



Ólafur A Jónsson  
sviðsstjóri